

Matvælaráðuneytið.

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um blóðtöku úr fylfullum hryssum

Umsagnaraðili: Arnþór Guðlaugsson f.h. Ísteika ehf.

Inngangur:

Ísteika fagnar því og telur tímabært að ráðherra hafi ákveðið að setja sérstaka reglugerð um blóðtökur úr fylfullum hryssum nú þegar óðum styttist í hálfra aldar afmæli þessarar búgreinar hér á landi. Allan þann tíma hefur hún verið stunduð á vísindalegum og efnahagslegum grundvelli með hag og velferð dýra að leiðarljósi. Því verður þó ekki neitað að greinin varð fyrir ímyndaráfalli síðastliðinn vetur þegar fram komu vísbendingar um dýravelferðarfrávik. Ísteika telur að um einstök frávik hafi verið að ræða, en ekki kerfislægan skort á dýravelferð í búgreininni. Ísteika hefur styrkt gæðakerfi sitt til þess að tryggja dýravelferðina enn frekar.

Mörg ákvæði reglugerðardraganna eru byggð á ákvæðum sem hafa áður verið gefin út af Matvælastofnun. Flest þeirra standast vel tímans tönn, þótt einhver megi bæta.

Í reglugerðardrögunum er að finna önnur ákvæði sem hefðu verulega neikvæð áhrif á greinina og dýravelferð, eins og vikið verður að betur hér á eftir. Þau ákvæði eiga það sammerkt að ekki er ljóst hvaða vísindalegu, dýravelferðar- eða rekstrarlegu rök liggja þar að baki.

Hér að neðan má finna reglugerðardrögin með breytingum sem Ísteika telur nauðsynlegar og þau rök sem liggja þar að baki. Sumar þessara tillagna eru forsendur þess að búgreinin og framleiðsla á virka lyfjaefninu, sem Ísteika vinnur úr blóðinu, eigi framtíð fyrir sér hér á landi. Á það skal bent að leggist greinin af héraðs þjóðir það ekki endilega að velferð hryssa í heiminum verði betur tryggð. Í stað þess að nýta hryssur á Íslandi sem búa við dýravelferðarlöggjöf sem flokkast með þeim betri í heiminum, eru líkur á að nýttar verði hryssur í öðrum heimshlutum þar sem dýravelferð er e.t.v. ekki gert jafn hátt undir höfði. Því skal einnig haldið til haga hér að búgreinin getur einungis þrífist á víðfemnu landi þar sem beitiland er nægt, en í flestum Evrópulöndum fyrirfinnst slíkt ekki lengur.

Til hliðar við hverja grein, eða eftir atvikum tölulið reglugerðardraganna, er greinagerð Ísteika til frekari skýringa og röksemda. Sérstaklega skal bent á tvö ný ákvæði sem hefðu alvarlegar afleiðingar fá þau að standa óbreytt í reglugerðinni. Annars vegar er um að ræða grein 8.e. *Aldrei má taka meira en 5 lítra af blóði vikulega úr hryssu og að hámarki í 6 vikur ár hvert.* Hér er búið að fækka hámarksfjölda blóðtaka úr 8 í 6 og takmarka heimtur af bestu hryssunum. Hins vegar er það grein 10, þar sem segir: *Kaupanda er óheimilt að flokka greiðslur vegna blóðs eftir því hversu miklar heimtur eru úr hverju hrossi.*

Ef þessi tvö ákvæði yrðu að veruleika munu þau kollvarpa tekjumöguleikum allra í greininni og stöðva framþróun hennar og gæðastýringu sem mun án efa bitna á dýravelferð. Þessu er



Lýst í ítarlegu máli í Viðauka 1. Verði þessi ákvæði innleidd mun greinin og þar með starfsemi Ísteka verða í fullkomnu uppnámi.

Þá verður heldur ekki séð að hægt verði að grípa með jafn afdrifaríkum hætti inn í starfsemi einstaklinga og fyrirtækja með setningu stjórnvaldsfyrirmæla eins og lagt er til í reglugerðardrögunum.

Í viðauka 2 er farið yfir það umhverfislega stórslys sem gæti orðið ef aðgengi að eCG sameindinni myndi skerðast eða hverfa í heiminum. Áhrif þess yrðu af þeirri stærðargráðu sem fæstir Íslendingar gera sér grein fyrir. Spurningin er því hvort sú atvinnuskapandi þróun sem orðið hefur hérlandis við vinnslu eCG til útflutnings síðustu áratugi, þar sem velferð hrossanna er í hávegum höfð, verði áfram hluti af atvinnulífi á Íslandi eða hvort vinnslan og tekjur sem hljótast af henni flytjast til annarra landa, hugsanlega þangað, þar sem dýravelferð er ekki jafn hátt skrifuð.

Undirritaður lýsir sig tilbúinn til að funda með ráðherra eða fulltrúum ráðherra til að skýra betur sjónarmið þau sem hér eru sett fram.

Verður nú vikið að þeim atriðum sem Ísteka gerir athugasemdir við. Fylgt er greinarskipan reglugerðarinnar.

Breytingar sem lagðar eru til á reglugerðardrögunum:

Í töflunni hér að neðan er yfirlit yfir þær breytingar sem Ísteka leggur til að gerðar verði á reglugerðardrögunum ásamt greinargerð með rökum fyrir breytingartillögum. Í fremri dálki töflunnar eru reglugerðardrögin þar sem nýr texti er feitletraður en texti sem lagt er til að verði felldur niður er yfirstrikaður. Í aftari dálkinum er greinargerð Ísteka.

Reglugerðardrög ásamt tillögum að breytingum	Greinargerð með breytingartillögum
Titill: Reglugerð um blóðtöku úr hrossum, þ.m.t. úr fylfullum hryssum.	Lögð er til viðbót í titil reglugerðar, þannig að titillinn verði í fullu samræmi við 1. gr. hennar um tilgang og gildissvið.
<p>1. gr. Tilgangur og gildissvið</p> <p>Tilgangur reglugerðarinnar er að tryggja velferð og heilbrigði allra hryssna sem nýttar eru í blóðtöku, folalda þeirra og stóðhesta sem notaðir eru til fyljunar þeirra, það verði gert með góðri meðferð, umhirðu og aðbúnaði. Leitast skal við að hrossin geti lifað í samræmi við sitt eðlilega atferli eins og framast er kostur. Í reglugerðinni koma fram lágmarkskröfur um einstök atriði.</p>	Engar athugasemdir eru við 1. gr.
<p>2. gr. Orðskýringar</p> <p>1. Blóðtaka: Að taka blóð úr hrossum á öðrum grundvelli en sjúkdómsgreiningar.</p> <p>2. Blóðtökubás: Bás þar sem blóðtaka fer fram.</p> <p>3. Harðýðgi: Gróf valdbeiting, svo sem barsmíðar, þrengja að blóðrás til heila (hengja), snúa hross niður á eyrum, uppgefa hross til dæmis með bindingum eða gefa þeim rafstuð.</p> <p>4. Hrossahald: Hvert það fyrirkomulag þar sem hross eru haldin, hvort sem það er í atvinnuskyni eða ekki.</p> <p>5. Meðferð: Öll umgengni manna við hross, svo sem við föngun og notkun til reiðar, burðar, blóðtöku, dráttar, ræktunar eða annarrar framleiðslu/nýtingar auk aðferða við tamningu og þjálfun.</p>	Engar athugasemdir eru við 2. gr.

<p>6. Meðhöndlun: Aðgerð, önnur en lækniseða skurðaðgerð, þar sem gripið er inn í líkama eða atferli dýra, svo sem með fæðingarhjálp, járningar eða snyrting.</p> <p>7. Umsjá: Umönnun, fóðrun og varsla hrossa.</p> <p>8. Umráðamaður: Eigandi eða annar aðili sem er ábyrgur fyrir umsjá hrossa.</p>	
<p>3. gr. Tilkynningaskylda og Sérstakt leyfi Matvælastofnunar</p> <p>Hrossahald til blóðtöku er einungis heimilt að undangenginni tilkynningu umráðamanns tilfengnu sérstöku leyfi Matvælastofnunar í samræmi við reglugerð 910/2014 um velferð hrossa, Viðauki 1, t.l. 6 til umráðamanns sbr. 20. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra. Áður en stofnunin veitir leyfi skal fara fram úttekt á aðstöðu varðandi blóðtökuna og úttekt á innra eftirliti skv. 5. gr. og viðeigandi kröfum sem gerðar eru í 10. gr. og 18. gr. reglugerðar nr. 910/2014 um velferð hrossa. Umsókn um leyfi skal send Matvælastofnun eigi síðar en 60 dögum fyrir fyrirhugaða starfsemi.</p> <p>Umráðamenn skulu tryggja að</p> <ol style="list-style-type: none"> Skrá yfir hryssur í blóðtöku á hverjum blóðtökubæ eða starfstöð sé tiltæk við eftirlit Matvælastofnunar Allar hryssur skulu vera grunnskráðar í WorldFeng og örmerktar 	<p>Lagt er til að breyta fyrirsögn 3 gr. til samræmis við tillögur að breyttu innihaldi, sjá hér að neðan.</p> <p>Reglugerð um velferð hrossa nr. 910/2014 gerir nú þegar ráð fyrir að umráðamenn (bændur) tilkynni um starfsemina til Matvælastofnunar og að það sé gert með rafrænum hætti á vef stofnunarinnar. Reglugerðin tekur einnig til tímamarka þar um. Þess vegna er lagt til að vísað verði í þá reglugerð varðandi tilkynningaskyldu umráðamanns. Bændur eru almennt ekki að neinu leyti í stakk búnir til að sækja um leyfi skv. 20. gr laga nr. 55/2013. Í þeirri grein er fjallað um tilraunir, kennslu og læknisfræðilega starfsemi, sem hefur ekkert að gera með hrossahald. Vandséð er að margir þeirra geti uppfyllt skilyrði sem sett eru fyrir slíku leyfi. Samkvæmt þessum reglugerðardrögum bera umráðamenn hryssanna ekki ábyrgð á meðferð þeirra í blóðtökubás, sem einnig eru sjálfstæð rök fyrir því að ekki þurfi að sækja um leyfi með jafn ítarlegum hætti og 20. gr. laganna gerir ráð fyrir.</p> <p>Lagt er til að ábyrgð umráðamanna skv. lið a), b) og c) í 5. grein verði færð í 3. gr. Ábyrgðarskipting verður við það skýrari, þar sem lagt er til að 5 gr. fjalli eingöngu um virkt innra eftirlit kaupenda. Skriflegar leiðbeiningar um sérstaka tilkynningaskyldu (liður d) hér verði þó á ábyrgð beggja aðila (sjá einnig gr. 5). Í</p>

<p>c) Ábyrgðarmaður hrossahaldsins skal vera skráður umráðamaður hryssnanna í WorldFeng</p> <p>d) Þeir sem að blóðtökunni koma skulu fá skriflegar leiðbeiningar um sérstaka tilkynningarskyldu allra þeirra sem hafa afskipti af dýrum sbr. 9. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra. Tilkynna skal Matvælastofnun ef: grunur er um slæma meðferð, aðbúnað, fóðrun (holdarfar) og ef merkingar hrossa eru ekki með fullnægjandi hætti (skráningar og örmerkingar)</p> <p>Blóðtaka úr fylfullum hryssum er einungis heimil að fengnu sérstöku leyfi Matvælastofnunar til kaupanda blóðsins sbr. 20. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra og að viðkomandi hrossahald hafi hafi verið tilkynnt til leyfi stofnunarinnar til starfseminnar skv. 1. mgr.</p>	<p>Þessari grein er þá frekar átt við að umráðamenn skulu tryggja að starfsmenn þeirra við blóðtöku fái þessar leiðbeiningar.</p> <p>Breytt orðalag til samræmis við að reglugerð um velferð hrossa nr. 910/2014 þar sem umráðamenn (bændur) eiga að tilkynna um starfsemina til Matvælastofnunar, sjá einnig hér ofar.</p>
<p>4. gr. Opinbert eftirlit</p> <p>Ráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt reglugerð þessari. Matvælastofnun annast eftirlit með framkvæmd reglugerðarinnar og hefur eftirlit með að ákvæðum hennar sé framfylgt.</p>	<p>Engar athugasemdir eru við 4. gr.</p>
<p>5. gr. Virkt innra eftirlit kaupanda</p> <p>Virkt innra eftirlit skal vera með eftirfarandi atriðum hjá kaupanda og gögn þar að lútandi aðgengileg við eftirlit Matvælastofnunar:</p> <p>a) Skrár yfir hryssur í blóðtöku á hverjum blóðtökubæ eða starfsstöð skulu vera tiltækar á blóðtökustað.</p> <p>b) Allar hryssur skulu vera grunnskráðar í WorldFeng og örmerktar.</p>	<p>Lagt er til að þessi grein fjalli eingöngu um virkt innra eftirlit kaupanda.</p> <p>Lagt er til að ábyrgðarsvið verði skýrt betur og liðir a), b) og c) verði skilgreindir á ábyrgð bænda/umráðamanna hrossa og flutt í grein 3.</p>

<p>e) Ábyrgðarmaður hrossahaldsins skal vera skráður umráðamaður hryssnanna í WorldFeng.</p> <p>ea) Skráning á öllum slysum og dauðsföllum sem verða hjá hryssum og folöldum.</p> <p>eb) Mælingar hjá opinberri eða opinberlega vottaðri rannsóknastofu á blóðrauða og/eða blóðkornahlutfalli á marktæku hlutfalli hryssnanna á hverju ári sem endar á oddatölu.</p> <p>fc) Þeir sem að blóðtökunni koma skulu fá skriflegar leiðbeiningar um sérstaka tilkynningarskyldu allra þeirra sem hafa afskipti af dýrum sbr. 9. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra. Tilkynna skal Matvælastofnun ef: grunur er um slæma meðferð, aðbúnað, fóðrun (holdarfar) og ef merkingar hrossa eru ekki með fullnægjandi hætti (skráningar og örmerkingar).</p> <p>Árlega skal skila skýrslu til Matvælastofnunar um fjölda blóðtökuhryssna deilt á starfsstöðvar sem og afföll samkvæmt lið ea) og mælingum samkvæmt lið eb).</p>	<p>Varðandi lið b (áður e) er lagt til að honum verði breytt þannig að hann verði með sama hætti og reglur MAST voru um árabíl. Mikil fylgni er venjulega á milli hemóglóbíns annars vegar og hematókrítar hins vegar og er því tilgangslítið að mæla hvoru tveggja. Skilningur er á því að gott sé að eiga nýleg gögn til staðar til að grípa til á hverjum tíma. Rétt er þó að benda á að á meðan engu er breytt við blóðtökuna er útilokað að nýr sannleikur geti orðið til með þessari aðferðafræði og mætti mæla sjaldnar. Til gamans má rifja upp orð sem eignuð hafa verið Alberti Einstein, <i>“Insanity is doing the same thing over and over and expecting different results”</i>.</p> <p>Allar breytingar á aðferðafræði blóðtakanna þarf að sjálfsgöðu að rannsaka með fullnægjandi hætti áður en framkvæmd er breytt.</p> <p>Lagt er til að skriflegar leiðbeiningar um sérstaka tilkynningarskyldu (hér liður c) verði á ábyrgð umráðamanns (sjá grein 3 hér að ofan) og kaupanda. Í þessari grein er þá frekar átt við að kaupandi skuli tryggja að bændur og dýralæknar auk eigin starfsmanna sem starfa þar sem blóðtaka fer fram fái þessar leiðbeiningar.</p> <p>Tilvísunum í liði breytt, til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til.</p>
<p>6. gr. Þekking og hæfni</p>	<p>Engar efnislegar athugasemdir eru við 6. gr.</p>

<p>Hver sá sem heldur hryssur sem ætlaðar eru til blóðtöku skal hafa aflað sér grunnþekkingu á eðli og þörfum hrossa.</p>	
<p>7. gr. Almenn meðferð Bannað er að beita hross harðýggi eða annarri illri meðferð.</p>	<p>Engar athugasemdir eru við 7. gr.</p>
<p>8. gr. Almennar kröfur til blóðtöku úr fylfullum hryssum</p> <p>a) Einungis dýralæknar með gilt starfsleyfi á Íslandi hafa leyfi til að annast blóðtöku úr fylfullum hryssum. Umráðamanni er þó heimilt að taka sýni úr hryssum til að ákvarða upphaf blóðtöku með sérstöku nálakerfi eftir tilsögn dýralæknis.</p> <p>b) Dýralæknir ber ábyrgð á þeirri meðhöndlun sem hann framkvæmir.</p> <p>c) Dýralæknir skal hafa einn aðstoðarmann við hvern blóðtökubás á meðan blóðtöku stendur. Meðan á blóðtöku stendur skal dýralæknir hafa næga aðstoð við blóðtökubás, en fjöldi fer eftir aðstæðum á hverjum stað. Hlutverk er m.a. að fylgjast með líðan hryssunar og framgangi blóðtökunnar og grípa inn í sé þess þörf.</p> <p>d) Dýralæknum er skylt að staðdeyfa stungustaðinn og skrá notkun staðdeyfilyfs í gagnagrunninn Heilsu.</p>	<p>Lögð er til breyting á orðalagi í lið c). Í stað þess að gera að skyldu að einn aðstoðarmaður sé við hvern bás er lagt til að orðalag verði opnara, þannig að aðlaga megi þörfina við aðstæður á hverjum stað. Svo margir aðstoðarmenn með ekki stærra hlutverk geta leitt til neikvæðra áhrifa á blóðtökuna í stað jákvæðra sem tilgangur c) liðs væntanleg er. Ef horft er til þess að gripið sé strax til aðgerða ef hryssa æsist eða er í neyð þá er rétt að benda á að nú er lögð mikil áhersla á að hryssunni verði veittur slaki strax eftir stungu og að bás sé þannig úr garði gerður að auðvelt sé að slaka/sleppa og þá í sem fæstum handtökum. Mikilvægt er að nægilegur mannskapur sé til staðar til að hryssurnar fái nauðsynlega umönnun við hæfi en þó verður að forðast óþarfa margmenni sem bæði gæti dregið úr rósemd og aukið streitu hryssanna.</p>

e) Aldrei má taka meira en 5 lítra af blóði vikulega úr hryssu og að hámarki í **6-8** vikur ár hvert.

f) Blóðtöku skal **að jafnaði** lokið fyrir 5. október ár hvert **en getur hliðrast til um nokkra daga eftir veðurfari.**

g) Aðeins má taka blóð úr hryssum sem hafa náð **þriggja fjögurra** vetra aldri (verða **34** ára á árinu) og ekki má taka blóð úr hryssum sem eru eldri en 24 vetra.

h) Hryssurnar skulu vera án sjáanlegra sjúkdómseinkenna, í góðum holdum (holdastigun 3,5-4,5) og vel hirtar að öllu leyti.

Lagt er til að hámarksfjöldi blóðtöku verði óbreyttur frá því sem verið hefur mörg undanfarin ár og mikil reynsla er fyrir. Engar rannsóknarniðurstöður liggja til grundvallar þess að fækka blóðtökuskiptum úr 8 í 6. Þessi breyting gengur því gegn meðalhófi, jafnræði, sanngirni í gildandi lögum og stjórnarskrá landsins, eins og nánar verður farið yfir hér á eftir. Ef ákvæði í gr. 8e (og gr. 10) í reglugerðardrögum yrðu að veruleika myndu þau kollsteypa tekjumöguleikum allra í greininni og stöðva framþróun hennar og gæðastýringu, sjá nánar í **Viðauka 1** með þessari greinargerð.

Lagt er til að ekki verði nákvæmlega miðað við eina ákveðna dagsetningu. Stóð bænda eru misvel stillt inn í blóðsöfnun og því mætti taka blóð aðeins seinna, svo lengi sem veður er í lagi og hryssur við góða heilsu. Engin nauðsyn er á að svipta bændur tekjum vegna ákveðinnar dagsetningar.

Fæðingarþyngd, fullorðinsþyngd og vaxtarkúrfa íslenska hestsins er ekki ósvipuð kýrinnar sem er kelfd ársögmul og ber kálf og hefur mjaltir um tveggja ára aldur. Í drögum ráðuneytis er gert ráð fyrir að hryssur hafi náð 5 vetra aldri þegar þær kasta og mjólka í fyrsta sinn. Þessi mikli munur á nýtingu milli dýrategunda er óútskýrður en mertryppi ná kynþroska um svipað leyti og unγκýr. Dýralækni ber að hafna illa þroskuðum eða smágerðum grip til blóðtöku enda hefur hann velferð gripanna að fyrstu skyldu. Bóndi og kaupandi hafa ekkert um þá ákvörðun að segja.

<p>i) Hver dýralæknir má ekki hafa fleiri en 3 hryssur í blóðtöku samtímis (3 blóðtökubásar)</p> <p>j) Ekki skulu vera fleiri en 75 hryssur með folöldum í hverjum blóðtökuhópi sem smalað er hverju sinni og aldrei fleiri en 25 á hvern blóðtökubás.</p> <p>k) Aðstaða til blóðtöku skal vera þannig að ekki skapist hætta á að hryssur og folöld verði fyrir slysi.</p> <p>l) Tryggt skal að hryssurnar hafi aðgang að vatni og salti strax eftir blóðtökuna.</p> <p>m) Gætt skal að velferð hryssnanna við rekstur í rétt og við blóðtökuna með nærgætinni umgengni og uppbindingu.</p> <p>n) Ef blóðtakan veldur hryssu þjáningu eða ógnar velferð hennar skal dýralæknirinn umsvifalaust hætta blóðtöku á viðkomandi hryssu.</p> <p>o) Ef hryssa slasast eða veikist skal hún meðhöndluð án tafar. Ef ekki er hægt að meðhöndla eða bæta líðan hryssunnar skal hún aflífuð.</p> <p>p) Hryssurnar skulu haldnar á góðu beitalandi með aðgangi að góðu vatni og salti</p>	<p>Í lið i) er lagt til að texti í sviga falli niður. 3 hryssur komast bara í 3 bása (en ekki 2 eða 4)</p> <p>Í lið j) er lagt til að fella niður síðasta hluta setningarinnar. Síðasta hlutann má bæði túlka sem svo að telja þurfi hryssur í einstaka bása og hætta notkun bás þann daginn sé 25 hryssu markinu náð. Þetta setur einnig þá í vonda stöðu sem hafa 2 bása en yfir 50 hryssur. Vinnulag er mismunandi á bæjum og það þarf alls ekki að þýða að hæggar gangi eða verr þótt básarnir séu tveir.</p>
<p>9. gr. Ábyrgðarkeðja</p> <p>Umráðamaður hrossahalds ber ábyrgð á hverju hrossi þar til þau eru komin í sérstakan blóðtökubás. Dýralæknir sem annast blóðtökuna ber ábyrgð á hverju hrossi í blóðtökubás og að vinnubrögð við blóðtöku séu í samræmi við dýravelferðarsjónarmið. Kaupanda sem fær leyfi til blóðtöku skv. 23. mgr. 3. gr. er</p>	<p>Tillaga að breyttum texta skýrir betur með hvaða hætti kaupandi getur tryggt gæði og velferð. Með þessu er dýravelferð betur tryggð, þar sem þær reglur sem menn eiga að fylgja við blóðtökunar eru settar fram með nákvæmari hætti.</p>

<p>jafnframt skylt að hafa virkt gæðakerfi í þeim tilgangi að tryggja að framkvæmd blóðtökunnar að gera allt sem í hans valdi stendur til að öll framkvæmd hennar sé í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar og annarra stjórnvaldsfyrirmæla um velferð hrossanna.</p>	
<p>10. gr. Hvatakerfi Gæðastýring</p> <p>Kaupanda er heimilt skylt að flokka greiðslur vegna blóðs eftir því hversu miklar heimtur eru úr hverju hrossi, enda falli það vel að venju í öðrum landbúnaði og viðskiptum almennt og sé ekki til þess fallið að ógna velferð hryssanna.</p>	<p>Lagt er til að fyrirsögn verði breytt í samræmi við tillögu að breyttu innihaldi.</p> <p>Nauðsynlegt er að snúa 10. grein algjörlega á annan veg svo innihald hennar samrýmist nútímakröfum um gæðastýringu í landbúnaði sem reyndar á einnig við á nánast öllum öðrum sviðum samfélagsins þar sem gæði ráða för við verðlagningu. Engin rök benda til þess að dýravelferð sé háværkuð með því orðalagi sem lagt er til í 10. gr. Í þessum reglugerðardrögum, heldur þvert á móti. Til vara er lagt til að þetta ákvæði falli brott. Engin rök standa til þess að greiða ekki fyrir afurðirnar eftir gæðum þeirra auk þess sem það væri algjörlega á skjön við það sem almennt tíðkast. Slíkt ákvæði hefur ekkert með dýravelferð að gera. Engin rök standa til þess að hafa ákvæðið óbreytt.</p> <p>Ef ákvæði í gr. 10 (og gr. 8e) í reglugerðardrögunum yrðu að veruleika myndu þau kollsteypa tekjumöguleikum allra í greininni og stöðva framþróun hennar og gæðastýringu, sjá nánari rökstuðning í Viðauka 1 með þessari greinagerð.</p>
<p>11. gr. Reglugerð þessi er sett með heimild í 46. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra. Reglugerðin öðlast þegar gildi þann XX. október 2022 og skal hún gilda til XX. júní október 2025</p>	<p>Lagt er til að gildistaka þessarar reglugerðar verði ekki fyrir en um miðjan október 2022 (í fyrsta lagi). Ástæða þess er að fyrirvari til athugasemda við þessi reglugerðardrög er til 30. júní 2022. Þá á</p>

	<p>ráðuneytið eftir að rýna athugasemdir sem bárust og endurskoða reglugerðardrögin fyrir útgáfu. Vænta má að það taki nokkurn tíma. Í þessu sambandi skal á það bent að blóðsöfnun er árviss viðburður sem hefst á miðju sumri og nær til byrjunar októbermánaðar, enda háð lífsferli hrossanna. Undirbúningur bænda og kaupanda hefst miklu fyrr, í raun allt að ári fyrr og allt að 3 árum fyrr þegar folöld eru sett á vetur til uppeldis. Nú þegar er mjög skammur tími þar til tímabilið hefst og þar með nánast ógerlegt að innleiða breytingar samkvæmt reglugerð sem nú er í smíðum. Tæki reglugerðin gildi strax eins og lagt er til, má jafna því við afturvirka reglusetningu, sem er ekki í samræmi við þær kröfur sem gera verður til stjórnslunnar um málefnalegt mat og málefnalega beitingu valds við setningu stjórnvaldsfyrirmæla. Eðlilegt telst því að gildistaka þessarar reglugerðar verði ekki fyrr en í fyrsta lagið eftir lok blóðsöfnunar á þessu ári.</p>
<p>12. gr. Bráðabirgðaákvæði</p> <p>Þeir sem tilkynntu blóðtöku til Matvælastofnunar fyrir 1. maí 2022 hljóta bráðabirgðaleyfi og eru undanþegnir úttekt til leyfis á því ári.</p>	<p>Engar athugasemdir eru við 12 gr. eftir breytingar okkar á öðrum greinum.</p>

VIÐAUKI 1

Sérstök greinagerð um skaðsemi ákvæða reglugerðadraganna sem fram koma í greinum 8e og 10 sem eru eftirfarandi í drögum ráðuneytisins:

8.e) Aldrei má taka meira en 5 lítra af blóði vikulega úr hryssu og að hámarki í 6 vikur ár hvert.
og

10. Hvatakerfi - Kaupanda er óheimilt að flokka greiðslur vegna blóðs eftir því hversu miklar heimtur eru úr hverju hrossi.

Mjög misráðið er að setja ofangreind ákvæði inn í reglugerð sama til hvers er horft, laga, stjórnarskrár, dýravelferðar, umhverfisáhrifa, fjárhags og áhrifa á dreifða byggð í landinu. Hér er því lagst eindregið á móti því og breytingar lagðar til hér að framan. Verði tilgreind ákvæði hluti af reglugerðinni er verið að kollvarpa rekstrarskilyrðum greinarinnar og setja bæði starfsemi Ísteika sem og bænda sem halda hryssur til blóðsöfnunar í fullkomið uppnám, án þess að nokkur rök standi til þess.

Í þessu efni verður að hafa í huga að reglugerðin er sett á grundvelli 46. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra. Það ákvæði útfærir ekki að neinu leyti heimild ráðherra til setningar stjórnvaldsfyrirmæla, heldur segir það eitt að ráðherra sé heimilt að mæla nánar fyrir um framkvæmd laganna í reglugerð. Slíkt ákvæði setur ráðherra verulegar skorður til þess að mæla fyrir um íþyngjandi ákvæði í reglugerð. Þannig verða ekki sett ákvæði í reglugerð á grundvelli slíks heimildarákvæðis sem takmarka og þrengja verulega að annars lögmætri starfsemi í landinu. Í því efni verður alltaf að horfa til meginreglu stjórnarskrárinnar um atvinnufrelsi og eignarétt. Slík reglugerð getur ekki þrengt þannig að þeirri starfsemi að hún verði með öllu óarðbær, þannig að henni sé nánast sjálfhætt.

Í þessu efni verður að hafa í huga, eins og rakið er hér síðar, að engin dýravelferðarrök eða önnur rök sýna fram á nauðsyn slíkra reglna. Þvert á móti munu slíkar reglur ef þær yrðu að veruleika vinna gegn dýravelferð og yrðu í andstöðu við markmiðssetningu 1. gr. laganna um velferð dýra. Eru þá ótalin rök um náttúruvernd, hagkvæmni í landbúnaði, auk annars sem rétt er og eðlilegt að horft sé til, þegar íþyngjandi stjórnvaldsfyrirmæli eru sett.

Lagagrundvöllur er því ekki fyrir hendi fyrir slíkri sviptingu á tekjumöguleikum aðila.

Á undanförunum árum hefur Matvælastofnun heimilað að taka megi blóð úr hryssu í allt að 8 skipti. Engin rök standa til að breyta þeirri framkvæmd. Við mat á þessu verður einnig að horfa til þess að dýralæknir sér alltaf um blóðtöku og metur ástand hvarrar hryssu fyrir sig, áður en blóð er tekið úr henni, nokkuð sem tryggir öryggi og hag hryssanna. Sé það niðurstaða dýralæknis að hryssa geti ekki gefið blóð af einhverjum ástæðum, þá stendur sú niðurstaða.

Í 2. gr. laga nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr segir að dýralæknar og heilbrigðisstarfsmenn dýra skuli standa vörð um heilsu dýra í landinu, stuðla að bættu

heilsufari og velferð þeirra, aukinni arðsemi búfjár og góðum aðbúnaði og meðferð dýra. Blóðtaka úr hryssum eins og hún hefur verið framkvæmd er í fullu samræmi við þetta ákvæði.

Kæmi til þess að skiptum til blóðtöku yrði fækkað úr 8 í 6, þá myndi það miðað við árið 2021 leiða af sér minnkun afurða um 13% að rúmmáli.

Það segir þó ekki allt, þar sem blóðmagníð er ekki mælikvarði á magn hráefnis. Virkni blóðeininga er mjög mismunandi, þar sem 7 og 8 skipta hryssur eru með langmestu virknina yrði minnkun á virku hráefni um 22% þegar áhrif af 7/8 skipta hryssum hafa fjarað út. Til að ná sama magni hráefnis og árið 2021 þyrfti því að fjölga hryssum í blóðtöku um rúmlega 1.500 (Útreikningar: $5383 \text{ hryssur} / 0,78 = 6901$; $6901 - 5383 = 1518$ hryssur). Ísteka hefur endurskoðað verðskrá fyrri ára og tekið tillit til gagnrýni á fyrri uppbyggingu greiðsluflokka. Verðskráin tekur mið af virkni hráefnisins sem hryssan gefur af sér, byggt á niðurstöðum allra blóðtaka síðustu fimm ára. Samhliða endurskoðun verðskrár hækkaði Ísteka meðalverð til bænda um fjórðung að jafnaði. Sjö og átta skipta hryssurnar gefa langhæsta verðið því virknin í blóði þeirra er mest. Þegar þau skipti eru tekin út minnkar hráefnið mun meira en sem nemur magninu sem leiðir einnig til mikillar verðlækkunar til bænda. Þegar fjölga þarf hryssum svo mikið til að ná sama magni eykst álag á beit einnig að nauðsynjalausu og ásókn í áburð, olíu, ræktað land og önnur aðföng.

Stóðhross eru ekki með í spretthópsaðgerðum ráðuneytisins og bændur í þessari búgrein fá því lítið sem ekkert upp í hækkandi aðfangaverð. Flestir bændur sem eiga og reka þessi stóð sátu einnig eftir með sárt ennið í því kerfi sem sett var á fót til að bregðast við gríðarlegum hækkunum áburðarverðs fyrr á árinu. Þeir mega því ekki við frekari búsifjum nú og raunar væri réttara að taka sérstakt tilliti til stöðu þeirra.

Það að banna í reglugerð eðlilega gæðaflokkun og -stýringu í búgrein er grímulaus aðför að búgreininni og algjörlega á skjön við það sem tíðkast í öðrum búgreinum. Sem dæmi má nefna mat á kindakjöti, en nýtt kjötmat fyrir kindakjöt var tekið upp á Íslandi haustið 1998. Samkvæmt því eru skrokkarnir flokkaðir eftir holdfyllingu annars vegar og fitu hins vegar, sjá nánar skýrslu um úttekt á kindakjötsmati sem birt er á heimasíðu Matís¹⁾. Verðskrá Sláturfélags Suðurlands vegna innlagðs kindakjöts haustið 2022 endurspeglar þetta kjötmat²⁾.

Gamalgrónir bændur hafa í ára- og áratugaraðir sett á folöld og valið inn hryssur eftir einstaklingsframlagi. Þetta hefur Ísteka alla tíð ýtt undir með því að greiða hærra verð fyrir afurðir bænda eftir hækkandi meðalskiptafjölda hryssanna, sem er eins og áður sagði beintengdur við styrk hormónsins sem sóst er eftir. Fínstilling nú með nýju kerfi eykur enn frekar möguleika bænda til að bæta stóð sín, burtséð frá ríflægri hækkun sem hún hefur í för með sér.

Nýleg BS rannsókn á vegum Landbúnaðarháskólans um áhrif blóðtöku hryssna á mjólkurgildi kaplamjólkur og vöxt folalda³⁾ sýnir að blóðsöfnunin hefur engin áhrif á gæði kaplamjólkurinnar og á vöxt folaldanna, ólíkt því sem haldið hefur verið fram af ýmsum sem aldrei hafa komið nálægt henni.

Rannsóknir Ísteka á blóðhag hryssanna sýna allar að enginn munur er á blóðmynd hryssa sem gefa oftast eða sjaldnar blóð og því óskiljanlegt hví ætti að teikna upp manngerða línu við 6 skipti núna, þegar gögnin sýna fram á að ekkert mæli á móti allt að 8 skiptum. Þessar rannsóknir hafa ekki verið véfengdar af ráðuneytinu eða stofnunum sem undir það heyrir. Þær hafa verið gerðar með endurteknum hætti í fleiri ár og rannsóknarstofa Ísteka séð um utanumhald þeirra, en hún starfar skv. góðum starfsháttum í lyfjagerð (GMP vottuð af Lyfjastofnun). Gagnrýni sem af og til hefur heyrst um að Ísteka sé ekki óháður aðili byggja á vanþekkingu á því hvernig rannsóknir eru gerðar og af hverjum en það er fullþlilegt að fyrirtæki sinni rannsóknum í sínum greinum. Sá háttur er til að mynda hafður á þegar ný lyf fyrir fólk eru uppgötvuð, hönnuð og rannsökuð á rannsóknarstofum framleiðenda. Vilji ráðuneytið véfengja þessar rannsóknir ber því að byrja hið minnsta á að kalla eftir þessum gögnum og bakgrunni þeirra, sem vel er skráð í gæðakerfi Ísteka, og láta rýna þau af óháðum aðila.

Hér skiptir einnig máli að engin rök standa til þess að breyta núverandi framkvæmd blóðsöfnunarinnar. Í reglugerðardrögum eru verulega íþyngjandi ákvæði sem væru sett inn í stjórnvaldsfyrirmæli án þess að séð verði að lagaheimild sé til staðar. Með því eru verulegar líkur á að hægt væri að fá ákvæðið dæmt ógilt af dómstólum landsins, sem hafa eftirlit með embættistakmörkunum yfirvalda, sem myndi leiða til bótaskyldu íslenska ríkisins í framhaldinu. Mikilvægt er að við setningu stjórnvaldsfyrirmæla sé gætt yfirvegunar og meðalhófs og grundvelli heillar atvinnugreinar ekki raskað án nokkurra raka.

Lög um dýratilraunir eiga skv. skýrslu ráðherra og mati lögfræðinga MAST eiga ekki við um blóðgefandi hryssur. Því hefur verið haldið fram á þau eigi að gilda og bent þá á túlkun einstakra Evrópusambandsríkja á móðurreglugerð ESB. Ísteka tekur á þessu stigi ekki afstöðu til þess hvaða lög/reglugerð eigi að gilda. Því skal þó haldið til haga að skv. 3R prinsippum tilraunadýrareglugerðarinnar (reduction, refinement, replacement) ber að hámarka nýtingu á hverjum grip (reduction) við hönnun á tilraunum. Það að hafna efnivið (gögnum eða vöru) minnkar óhjákvæmilega nýtni og kallar á að fleiri dýr þurfi að nota til að ná sömu niðurstöðu. Fækkun blóðtökuskipta myndi því ganga þvert gegn því markmiði.

Því ber að halda til haga, fyrst 3R prinsippin eru nefnd, að öflugt „refinement“ starf hefur alla tíð verið stundað í starfsemi Ísteka á öllum stigum, þ.e. frá rótunum á landbúnaðarstigi og í gegnum framleiðsluferli verksmiðju Ísteka. Þá hefur því oft verið haldið fram í umræðu síðustu missera að notendum efnisins beri að róa á önnur mið á grundvelli „replacement“ ákvæðisins. Ekkert efni sem þegar er til á markaði eða von er á svo vitað sé getur komið í stað hinnar breiðu og langvarandi virkni sem náttúrulegt eCG hefur. Allt tal um annað er mjög villandi og sambærilegt orðræðu þeirra sem vilja banna kúamjólk vegna þess að í stað hennar megi sjóða hvítt seyði af möndlum, höfrum, soja og öðrum plöntum.

Fari svo að hliðstæðulyf verði í boði einhvern tíma í framtíðinni er ekki líklegt að það ryðji náttúrulega lyfinu af markaði svo auðveldlega og mörg dæmi eru til um að náttúrulef/upprunalyf og hliðstæðulyf lifi góðu lífi hlið við hlið á markaði.

Vegna landfræðilegra þátta og fyrir tilstilli hins rótgróna fyrirtækis Ísteka hentar Ísland einna best allra landa í hinum vestræna heimi til framleiðslu á eCG. Í orrahríð seinustu mánaða, sem allir hafa orðið varir við, hefur ýmsum máttlausum rökleysum verið haldið á lofti gegn þessari framleiðslu sem tiltölulega fáir bændur á Íslandi stunda og Ísteka sinnir. Margir stórir aðilar hafa risið upp á afturfæturna í gagnrýni á búgreinina og telja til hin ýmsu neikvæðu áhrif sem tilvist hennar á að hafa á þá. Það hefur skiljanlega áhrif á ráðamenn þegar atkvæðamiklir aðilar fara fram með slíkum hætti. Í öllum tilfellum hafa rökin fyrir gagnrýninni þó ekki rist dýpra en svo að engin marktæk gögn liggja til grundvallar ávirðingunum. Það er mikilvægt að ráðamenn þjóðarinnar og stofnanir sem þeir stýra hafi burði til þess að hefja sig yfir slíkan málflutning og byggja ákvarðanir sínar á bestu fáanlegum gögnum um viðkomandi mál og hafi alltaf jafnræði, sanngirni og sannleika að leiðarljósi og beiti valdi sínu því af meðalhófi.

Tilvist framleiðslu á eCG hefur haft sérlega jákvæð áhrif á hrossmörg, en mannfá landsvæði á Íslandi og styrkt búsetu- og búskaparskilyrði. Umhverfisáhrif þessa búskapar eru lítil og oft frekar jákvæð en neikvæð, með bættri nýtingu heyja og beitarlands. Í árána rás hefur, fyrir tilstilli þessarar starfsemi, aðstaðan víða batnað til muna til að smala hrossum, handsama og skoða miðað við það sem áður var hvort sem er til að snyrta hófa, gefa ormalyf eða meta holdafar.

Það má telja harla óeðlilegt að ráðuneytið gefi út reglugerð án faglegra raka sem feli í sér ákvæði í þá átt að veikja og jafnvel eyðileggja rekstrargrundvöll þeirra fjölmörgu sem koma að þessari starfsemi.

Tilvísanir:

- 1) Ásbjörn Jónsson, Óli Þór Hilmarsson. Úttekt á kindakjötsmati. Skýrsla Matís 03-07, febrúar 2007. Heimasíða Matís (28.06.2022): <https://matis.is/tag/kjotmat/> og https://matis.is/wp-content/uploads/skyrslur/Skyrsla_3-07.pdf
- 2) Verðskrá Sláturfélags Suðurlands vegna innlagðs kindakjöts haustið 2022. Heimasíða SS (28.06.2022): <https://www.ss.is/wp-content/uploads/2022/06/Verdskra-saudfe-2022-14.-juni-2022.pdf>
- 3) Ágústa Rut Haraldsdóttir. Áhrif blóðtöku hryssna á mjólkurgildi kaplamjólkur og vöxt folalda. Lokaverkefni (bakkalár), Landbúnaðarháskóli Íslands, 2022. <https://skemman.is/handle/1946/41590>

Viðauki 2

Umhverfislegan ávinning af notkun eCG, sem framleitt er á Íslandi, er hægt að heimfæra á yfir milljón tonna minni árlega fóðurþörf í heiminum.

Minnkandi framleiðsla Ísteka á eCG eða algjör stöðvun hennar hefði umtalsverð neikvæð áhrif á vistspor landbúnaðar í þeim löndum þar sem lyfið er notað. Ekki er líklegt að aðrir framleiðendur fylli skarð Ísteka strax. Þeir sem líklegastir eru til að geta framleitt magn sem kæmist nærri því sem Ísteka framleiðir eru allir í löndum þar sem óvíst er hvort dýravelferð og eftirlit með henni sé jafn öflug og hér á landi. Ekki má hugsa þá hugsun til enda að eCG hverfi úr notkun. Þá væri skömm okkar Íslendinga mikil og vandséð að við eigum kosti hér á landi sem gætu unnið upp hinn gríðarlega umhverfisskaða sem það ylli.

Forsendur:

- Samkvæmt skýrslu Matvælaráðuneytisins¹⁾ um blóðtöku úr fylfullum hryssum sem gefin var út í maí 2022 þarf 15% fleiri framleiðsludýr til að halda núverandi framleiðslutölum, ef ekki eru notuð lyf sem innihalda eCG.
- Samkvæmt upplýsingum sem birtar voru 11. janúar 2022 í Fréttablaðinu²⁾ þar sem haft er eftir Sabrina Gurtner, fulltrúa dýraverndarsamtakanna AWF, eru um 2 milljónir skammta af eCG notaðir í svínarækt í Þýskalandi á ári. Gera má ráð fyrir að gylta fái meðferð allt að tvisvar á ári og því sé undirliggjandi fjöldi gripa 1 milljón.
- Ósædd fullorðin gylta étur um 3 kg af fóðri á dag (mestmegnis korn).

Byggt á ofanefndu má reikna að væri eCG ekki notað í Þýskalandi þyrfti um 450 tonn á dag til viðbótar því magni sem nú er notað (útreikningur: 15% fleiri framleiðsludýr x 1.000.000 gyltur x 3 kg af fóðri / 1000 kg/tonn = 450 tonn/dag).

Árlegur sparnaður í Þýskalandi er því 164.250 tonn af fóðri miðað við ofangreinda útreikninga.

Ísteka framleiðir eCG í magni sem er um 7,5 falt það magn sem notað er í Þýskalandi og miðað við sömu forsendur væri fóðursparnaðurinn af notkuninni um 1,2 milljónir tonna. Það er margfalt meira korn en framleitt er árlega á Íslandi (bygg) og tæp 13% af byggframleiðslu Úkraínu sem er fjórði stærsti byggframleiðandi heims. Þessar tölur um byggframleiðslu eru byggðar á meistararitgerð um kornrækt á Íslandi³⁾ og upplýsingum á netinu um byggframleiðslu í mismunandi löndum heims⁴⁾.

Hér er eingöngu litið til fóðursins. Keðja framleiðslu þess er löng og dýr með þungt vistspor sama hvort litið er til eldsneytisparfar, þungaflutninga, vinnustunda, áburðarparfar o.fl.

Annar kostnaður við uppeldi og grunnfóðrun gyltanna eykst einnig um 15% með tilheyrandi auknu vistspori ef eCG er ekki notað. Aukin húsnæðis-, orku- og aðstöðuþörf er augljós en auðvelt er að gleyma enn öðrum og mikilvægari þáttum.

Samstilling gylta með eCG leiðir til einsleitari aldursdreifingar uppeldishópa sem hefur jákvæð áhrif á dýravelferðarþætti við uppeldi grísa eins og halabit og aðra hegðun sem leiðir af

göggunarröð hópsins. Augljós kostur við það er minnkuð þörf á sýklalyfjameðferð og gæðameiri, öruggari matvara til neytenda.

Ofangreindir útreikningar eiga við um gefnar forsendur við notkun eCG í svínarækt og eru til viðmiðunar. eCG er einnig notað í öðrum tilgangi og í fleiri tegundum dýra þar sem forsendur eru aðrar. Dæmið sýnir þó skýrt að jákvæð áhrif notkunar eCG á vistsporið í landbúnaði eru í öllu tilliti risavaxin.

Tilvísanir:

- 1) Skýrsla Matvælaráðuneytisins um blóðtöku úr fylfullum hryssum, útgefin í maí 2022. Sjá: <https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MAR/Fylgiskjol/Sk%3%bdrsla%20starfsh%3%b3ps%20um%20bl%3%b3%3%b0t%3%b6ku%20%3%bar%20fylfullum%20hryssum%20%20010622.pdf>
- 2) Grein sem birt var 11. janúar 2022 í Fréttablaðinu²⁾ eftir Sabrina Gurtner, fulltrúa dýraverndarsamtakanna AWF. Sjá: <https://www.frettabladid.is/frettir/dyraverndarsamtokin-awf-svara-isteka/>
https://www.frettabladid.is/documents/11445/20220111_Statement_by_AWF_TSB_providing_facts_about_PMSG_production_in_Iceland_no_cont.pdf.
- 3) Guðfinna Lára Hávarðardóttir. Kornrækt á Íslandi. Yrkjaval og reynsla bænda. Landbúnaðarháskóli Íslands 2019. Sjá: <https://skemman.is/handle/1946/36071>.
- 4) Top Barley Producing Countries, tekið af netinu 26. júní 2022: <https://www.atlasbig.com/en-ca/countries-by-barley-production>

Reykjavík, 30. júní 2022.

f.h. Ísteika ehf.

Arnpór Guðlaugsson

Framkvæmdastjóri